

VIÐBRÖGÐ VIÐ BROTUM Á SKÓLAREGLUM

BROT Á SKÓLAREGLUM

Þegar grunur vaknar um **ófullnægjandi hegðun eða framkomu** skal skoða skráningar nemandans varðandi brot á skólareglum.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna **ófullnægjandi hegðunar eða framkomu** og þá er stuðst við viðmið um fjölda **brota á skólareglum** við hvert þrep. **Horft er til alvarleika brotanna um hvaða viðbrögð séu viðeigandi hverju sinni.** Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá stjórnendum Vatnsendaskóla, Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 3-5 BROT Á SKÓLAREGLUM	ÞREP 2 6-8 BROT Á SKÓLAREGLUM	ÞREP 3 9-11 BROT Á SKÓLAREGLUM	ÞREP 4 12-14 BROT Á SKÓLAREGLUM	ÞREP 5 15+ BROT Á SKÓLAREGLUM
<p>Ef nemandi hefur fengið 3-5 skráningar ræðir umsjónarkennari við nemanda um stöðuna. Foreldrar fá upplýsingar um stöðuna frá skóla.</p>	<p>Ef nemandi hefur fengið 6-8 skráningar mun umsjónarkennari eiga samtalið við foreldra og nemanda til að ræða næstu skref. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála. Skrá í dagbók nemandans á Mentor að kennari hafi rætt við nemanda og foreldra um að nemandi sé kominn í þrep 2.</p>	<p>Ef nemandi hefur fengið 9-11 skráningar mun umsjónarkennari boða foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra. Skráð í dagbók nemandans á Mentor að fundur hafi átt sér stað og að nemandi sé kominn í þrep 3.</p>	<p>Ef nemandi hefur fengið 12-14 skráningar mun skólastjórnandi boða foreldra til fundar og nemanda ef við á. Skrifleg áætlun um aðgerðir gerð í samvinnu við foreldra. Skrá í dagbók nemandans á Mentor að fundur hafi átt sér stað og að nemandi sé kominn í þrep 4.</p>	<p>Ef nemandi hefur fengið fleiri en 15 skráningar mun skólastjórnandi mögulega tilkynna til Barnaverndar Kópavogsbæjar og mögulega upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref. Skrá í dagbók nemandans á Mentor að viðkomandi sé kominn í þrep 5.</p>

NÁNARI VIÐBRÖGÐ VIÐ BROTUM Á SKÓLAREGLUM

Þeir nemendur sem ekki geta farið eftir skólareglum fá viðeigandi leiðsögn:

1. Kennari/starfsmaður ræðir við nemanda og bendir honum á hvað hann hefur gert rangt og spyr nemandann um sitt hlutverk og hvort hann geti bætt fyrir brot sitt. Atvikið er skráð á Mentor.
2. Stjórnendur eru kallaðir til þegar nemendur láta ekki segjast eftir samtali við kennara.
3. Tilkynnt er um brot sem send eru til skólastjórnenda til forráðamanna með símtali.
4. Mál eru skráð í dagbók nemanda í Mentor að undangengnu símtali.

Þegar alvarlegri brot eiga sér stað, t.d. brot sem fela í sér ofbeldi eða meiðandi notkun á snjalltækjum:

- Getur komið til þess að foreldrar þurfi að sækja nemendur tafarlaust í skólann.
- Ef um ræðir alvarlegt brot á notkun á snjalltæki er tækið tekið af nemendum tímabundið í samráði við foreldra.

Notkunarreglur spjaldtölva

- Förum eftir fyrirmælum kennara um notkun spjalda.
- Í kennslustundum fáum við staðfest frá kennara að við eigum/megum nota spjaldið.
- Tónlist = heyrnartól.
- Myndatökur og myndbirtingar eru háðar sanþykki.
- Í matsalnum notum við ekki spjaldtölvurnar. Notkun á spjaldtölvum er óheimil í matsal

Viðbrögð við brotum á reglum um spjaldtölvur

1. Við fyrsta brot er nemanda gefin **VIÐVÖRUN**.
2. Við annað brot er **GEFINN PUNKTUR** í Mentor.
3. Við endurtekin brot er **SENDUR PÓSTUR** til foreldra.
(eftir 5 punkta sendir kennari póst heim)
4. Við endurtekin brot er nemandi **BOÐAÐUR Á FUND** ásamt foreldrum og skólastjórnendum.
5. Geti nemandi ekki farið eftir reglum þá skal **SPJALDIÐ GEYMT** á vegum skólans þar til annað er ákveðið í samráði við foreldra.

Notkun GSM síma

Nemendum unglíngastígs er heimilt að vera með og nota GSM-síma í skólanum fari þeir eftir eftirfarandi reglum. Þeim sem ekki treysta sér til að fara eftir reglunum er óheimilt að vera með síma í skólanum.

- Símannir eru á ábyrgð nemenda í skólanum. Tjón vegna þjófnaðar eða skemmda verður ekki bætt af hálfu skólans.
- Á skólatíma er öll notkun GSM-síma bönnuð nema með leyfi kennara.
- Óheimilt er að nýta símana til að taka upp eða dreifa efni úr skólastarfinu.
- Verði nemandi uppvís að óheimilli notkun síma í kennslustund skal hann samstundis ganga frá síma í skólatösku. Kennari skráir atvik í Mentor að undangengnu símtali við foreldra.
- Við alvarleg eða ítrekuð brot er nemandi vísað til skólastjórnenda og foreldrum tilkynnt um atvik.

Sjá nánar um ítarlegt ferli vegna brota á skólareglum í starfsáætlun Vatnsendaskóla.